

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. október 2019

Mál nr. E-1669/2018:

Diðrik Jóhann Sæmundsson

Þórhallur Haukur Þorvaldsson lögmaður

gegn

Náttúruhamfaratryggingu Íslands

Jónas A. Aðalsteinsson lögmaður

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september 2019, höfðaði Diðrik Jóhann Sæmundsson, Hlíðartúni 41, Höfn í Hornafirði, hinn 23. maí 2018 á hendur Náttúruhamfaratryggingu Íslands (áður Viðlagatrygging Íslands), Hlíðasmára 14, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.279.088 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 29. júní 2017 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda að álitum samkvæmt mati dómsins og að þær bætur beri dráttarvexti, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 29. júní 2017 til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu og að tekið verði tillit til þess að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar.

Frávísunarkröfu sem stefndi hafði uppi sem aðalkröfu í greinargerð sinni var hafnað með úrskurði uppkveðnum 5. febrúar 2019.

Við upphaf aðalmeðferðar lögðu stefnandi og stefndi, að beiðni dómara, fram yfirlit yfir talningu málsástæðna í samræmi við 3. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður stuðst við þau yfirlit, auk stefnu og greinargerðar, við lýsingu helstu málsástæðna aðila.

I

Málsatvik

Í máli þessu er deilt um það hvort stefnandi eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda vegna kostnaðar sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna meðferðar stjórnsýslumála hjá stefnda, einkum kostnaðar af lögmansþjónustu og öflun matsgerða. Ekki er teljandi ágreiningur um málsatvik, en málsaðilar lýsa atvikum í allítarlegu máli í stefnu og greinargerð. Verður helstu atvikum hér lýst sjálfstætt eins og þau verða leidd af gögnum málsins, auk þess sem litið er til stefnu og greinargerðar.

Mál þetta á rót að rekja til tjóns sem varð á ýmsum mannvirkjum í eigu stefnanda á jörðinni Friðarstöðum í Hveragerði í jarðskjálfta sem reið yfir á Suðurlandi 29. maí 2008, þar á meðal á svokölluðu gamla íbúðarhúsi, nýja íbúðarhúsi og íbúðarhúsinu Lágafelli.

Stefndi starfar samkvæmt lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, með síðari breytingum, og hefur það lögbundna hlutverk að vát tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, þar á meðal jarðskjálfta, sbr. 4. gr. laganna. Stefndi er ríkisstofnun sem heyrir undir Fjármála- og efnahagsráðuneytið, en ákvarðanir hans um greiðsluskyldu og fjárhæð váttryggingabóta verða bornar undir sérstaka úrskurðarnefnd sem starfar á grundvelli 19. gr. laganna. Þar sem stefndi er stjórnvald sem heyrir undir stjórnsýslu ríkisins er óumdeilt að um málsmeðferð hans gilda réttarreglur stjórnsýsluréttar, þar á meðal stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eins og gildissvið þeirra er markað í 1. gr. laganna.

Tilkynning um að tjón hefði orðið á umræddum mannvirkjum stefnanda barst stefnda 9. júní 2008. Hófst stefndi þá handa um að leggja mat á bótaskyld tjón á þessum mannvirkjum svo að unnt yrði að greiða út tryggingabætur, en óumdeilt var að tjón á mannvirkjunum nyti tryggingaverndar.

Við slíka málsmeðferð bar stefnda að kveðja til hæfan og óvilhallan matsmann eða -menn til að skoða og meta tjón, sbr. 1. mgr. 11. gr. þágildandi reglugerðar nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands sem sett var með heimild í lögum nr. 55/1992. Í 2. mgr. greinarinnar kom fram að stjórn stofnunarinnar gæti eftir atvikum óskað þess að tjón skyldi metið af dómkvöddum matsmanni eða -mönnum, en um kostnað af mati færi þá eftir almennum réttarreglum.

Stefndi leitaði oftast en einu sinni til utanaðkomandi, sjálfstætt starfandi sérfræðinga, án dómkvaðningar, til þess að leggja mat á tjón á umræddum mannvirkjum.

Tjón á öllum þremur húsunum var fyrst metið af þremur matsmönnum í september 2008 og í annað sinn af tveimur matsmönnum frá annarri verkfræðistofu í nóvember sama ár, án þess að það leiddi til samkomulags um greiðslu bóta. Voru þá fengnir enn aðrir tveir matsmenn til þess að meta tjónið á árinu 2009, svokallað yfirmat, þótt ekki væri um dómkvadda matsmenn að ræða. Lá mat á gamla íbúðarhúsinu og nýja íbúðarhúsinu fyrir í september 2009, en mat á Lágafelli mun hafa legið fyrir í apríl sama ár. Frekara tjón var síðan metið á gamla íbúðarhúsinu með viðbótarskýrslu í júní 2010, á Lágafelli vegna asbestklæðingar í desember sama ár og á nýja íbúðarhúsinu í júlí 2012.

Mat á tjóni fór hækkandi með hverri skýrslu, en stefnandi sætti sig ekki við niðurstöður þeirra. Í meginatriðum virðist hafa verið deilt um það hvort bæta ætti tvö þessara húsa sem altjón, fremur en tjón að hluta, þ.e. gamla íbúðarhúsið og Lágafell.

Stefnandi lagði sjálfur, án aðstoðar lögmanns, fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna við Héraðsdóm Suðurlands 29. júní 2010 (mál M-4/2010) til að meta „jarðskjálftatjón á gamla íbúðarhúsinu á Friðarstöðum í Hveragerði [...] matshluta 01 [...]“. Í aðilaskýrslu hans fyrir dómi kom fram að matsbeiðnin hefði takmarkast við gamla íbúðarhúsið svo að matskostnaði yrði haldið í lágmarki. Af hálfu stefnda var því mótmælt að beiðnin næði fram að ganga og var í því efni m.a. vísað til þess að engin hinna þriggja matsspurninga væri efnislega þeirrar gerðar að svör við þeim göggnuðust matsbeiðanda í hugsanlegri kröfugerð á hendur stefnda. Hélt stefnandi engu að síður kröfu sinni um dómkvaðningu matsmanna til streitu. Héraðsdómari úrskurðaði 23. júlí s.á. að matsmenn skyldu dómkvaddir í samræmi við beiðni stefnanda, en í forsendum úrskurðarins var tekið fram að matsbeiðandi bæri sjálfur áhættuna af notagildi matsgerðarinnar til sönnunar í eftirfarandi málarekstri, sem og kostnað af öflun hennar.

Matsgerð dómkvaddra matsmanna lá fyrir í janúar 2011 og var kostnaður við fullnægjandi viðgerð á gamla íbúðarhúsinu talinn nema 7.386.729 krónum að teknu tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu. Var tekið fram að til grundvallar því mati væri lagt til að fram færi endurbygging sem uppfyllti ákvæði nýjustu byggingareglugerðar um burðarþol. Þá töldu matsmenn ástand hússins hvað skemmdir varðaði „í stórum dráttum sambærilegt“ við tvær fasteignir sem skemmdust í jarðskjálftanum og metnar höfðu verið sem altjón af hálfu stefnda.

Í framhaldi þessa kom lögmaður fyrst að málinu af hálfu stefnanda, en hinn 24. febrúar 2011 ritaði þáverandi lögmaður hans, Páll Arnór Pálsson, bréf til stefnda þar sem þess var krafist að gamla íbúðarhúsið yrði bætt sem altjón.

Skýrslutökur fóru fram af dómkvöddum matsmönnum fyrir Héraðsdómi Suðurlands í maí s.á., að ósk stefnda.

Með bréfi 30. júní til lögmanns stefnda ítrekaði lögmaður stefnanda þá kröfu að tjónsbætur yrðu miðaðar við að gamla íbúðarhúsið félli í altjónsflokk og krafðist bóta að fjárhæð 19.860.729 króna. Var sú fjárhæð nánar sundurliðuð í bréfinu sem „bætur á grundvelli brunabótamats kr. 18.700.000 en að frádregnum 5%“, „matskostnaður dómkvaddra matsmanna“, „gjöld v. dómkvaðningar“, „frárif vegna matsskoðunar, iðnaðarmenn“ og „lögmannskostnaður m. vsk.“, allt að frádreginni 3.000.000 króna innborgun. Þeirri kröfu var hafnað með bréfi lögmanns stefnda 26. júlí s.á. Í bréfinu var því vísað á bug að mál vegna tveggja fasteigna sem bættar hefðu verið altjónsbótum og stefnandi vísaði til, til samanburðar, væru sambærileg, enda hefði mat á viðgerðarkostnaði þeirra eigna numið fjárhæð sem var mjög nærri eða umfram hámark váttryggingaverðmætis þeirra eigna, en mat á viðgerðarkostnaði gamla íbúðarhússins næmi sem næst 40% af heildarváttryggingarfjárhæð eignarinnar.

Lögmaður stefnanda bar ákvörðun stefnda undir stjórn hans með bréfi, dags. 5. október 2011. Með úrskurði 10. janúar 2012 staðfesti stjórnin þá ákvörðun framkvæmdastjóra stefnda að synja stefnanda um greiðslu tjónsbóta umfram þær 7.164.349 krónur sem boðnar höfðu verið, að frádreginni innborgun að fjárhæð 3.338.708 krónur, eða samtals 3.825.641 króna. Kemur fram í úrskurðinum að sú bótafjárhæð hafi verið boðin í framhaldi af því að matsgerð dómkvaddra matsmanna sem stefnandi aflaði lá fyrir. Þrátt fyrir ágalla á matinu hafi stefndi kosið að una tölulegri niðurstöðu matsmanna, en tölur í tilteknum lið matsgerðarinnar hefðu þó verið „staðfærðar eða felldar að réttum tölum samkvæmt reglum um váttryggingauppgjör Viðlagatryggingar“.

Úrskurð stjórnar stefnda kærði stefnandi þann 8. febrúar 2012 til úrskurðarnefndar samkvæmt 19. gr. laga nr. 55/1992, en jafnframt krafðist hann yfirmats fyrir Héraðsdómi Suðurlands í maí s.á. (M-2/2012). Við meðferð matsmálsins lagðist stefndi ekki gegn því að yfirmatsmenn yrðu dómkvaddir, en hélt á lofti sömu athugasemdum við matsspurningar og fyrr. Voru þrír yfirmatsmenn dómkvaddir að beiðni stefnanda 4. júlí 2012. Málsmeðferð úrskurðarnefndar var frestað að beiðni stefnanda á meðan beiðni var yfirmatsgerðar, en hún lá fyrir í janúar 2013.

Úrskurður í kærumálinu var kveðinn upp 24. október 2014. Með honum var úrskurður stjórnar stefnda felldur úr gildi og lagt fyrir stefnda að afla matsgerðar

dómkvaddra matsmanna um tjón á gamla íbúðarhúsinu vegna jarðskjálftans. Í úrskurðinum var hafnað þeim málatilbúnaði stefnanda að bæta ætti húsið sem altjón á grundvelli jafnræðisreglna. Taldi úrskurðarnefndin ekki unnt að styðjast við þær matsgerðir dómkvaddra matsmanna sem stefnandi hafði aflað vegna þess hvernig matsspurningum hafði verið háttað. Úrskurðarnefndin taldi þó heldur ekki unnt að byggja niðurstöðu málsins á matsgerðum þeirra matsmanna sem stefndi hafði kvatt til. Benti úrskurðarnefndin í fyrsta lagi á að óljóst væri á hverju nákvæmlega fjárhæðir úrskurðarins væru byggðar, en helst virtust þær byggjast á einhvers konar endurútreikningi á þeim matsgerðum sem stefndi hefði aflað. Í öðru lagi hefðu þær matsgerðir ekki byggt á réttri forsendu um byggingarefni hússins, en matsgerðir hinna dómkvöddu manna hefðu leitt í ljós að stærsti hluti burðarveggja hússins reyndist vera úr óvenjulegu byggingarefni; vikursteypu.

Stefndi lagði fram matsbeiðni fyrir héraðsdómi 2. desember 2014 í samræmi við fyrirmæli í úrskurði úrskurðarnefndarinnar. Mótmælti stefnandi þeirri beiðni og fór fram málflutningur um þann ágreining. Með úrskurði 6. febrúar 2015 var fallist á að dómkveðja tvo matsmenn samkvæmt beiðninni, utan þess að tekið var fram að hinum dómkvöddu matsmönnum væri ekki ætlað að taka tillit til áður greindra váttryggingabóta við mat sitt eins og gert væri ráð fyrir í einni matsspurningunni. Lá matsgerð dómkvaddra matsmanna fyrir í júlí 2015, en þar var heildarkostnaður vegna tjóns á gamla íbúðarhúsinu metinn 13.058.200 krónur en ívið lægri fjárhæð ef miðað yrði við að 60% virðisaukaskatts vegna vinnu fengist endurgreiddur.

Að kröfu stefnanda kvað stjórn stefnda á ný upp úrskurð 15. október 2015 í máli nr. 3/2014. Þar var því enn hafnað að bæta bæri húsið sem altjón á grundvelli váttryggingafjárhæðar eignarinnar og kveðið á um bótagreiðslu í samræmi við niðurstöðu matsgerðarinnar.

Sá úrskurður stjórnar stefnda var kærður til úrskurðarnefndar 21. október 2015 en jafnframt leitaði stefnandi eftir endurupptöku málsins hjá stjórn stefnda og óskaði nánari skýringa á bótauppgjöri hans frá 27. s.m.. Stjórn stefnda sendi stefnanda nánari skýringar á bótauppgjör 30. s.m., en hafnaði beiðni um endurupptöku þar sem málið væri þegar til meðferðar hjá úrskurðarnefnd. Kærði stefnandi þessar úrlausnir stefnda sérstaklega til úrskurðarnefndarinnar, en leitaði jafnframt til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna þeirra. Með úrskurði 20. apríl 2016 staðfesti ráðuneytið ákvörðun stefnda um að hafna endurupptökubeiðninni, en gerði athugasemdir við

óskýrleika í sundurliðun á útgreiðslu tjónsbóta og beindi því til stefnda að senda stefnanda nánari sundurliðun.

Úrskurður úrskurðarnefndarinnar í sameinuðum kærumálum nr. 5 og 6/2015 vegna stjórnslukæru stefnanda á úrskurði stefnda í máli nr. 3/2014 lá fyrir 2. desember 2016.

Sama dag, 2. desember 2016, voru jafnframt kveðnir upp úrskurðir í kærumálum stefnanda vegna nýja íbúðarhússins og Lágafells, en úrskurði stjórnar stefnda vegna þeirra húsa, frá 26. apríl 2013, hafði stefnandi kært til úrskurðarnefndarinnar 28. maí s.á. Meðan á meðferð þeirra kærumála stóð hafði stefndi frumkvæði að því að afla matsgerða dómkvaddra matsmanna með matsbeiðnum sem lagðar voru fram á dómþingi 9. september 2013. Féllst úrskurðarnefnd á að fresta málsmeðferð sinni á meðan aflað var þeirra matsgerða. Lágu þær matsgerðir fyrir 17. desember 2013 og 14. apríl 2014. Að beiðni stefnanda var málsmeðferð úrskurðarnefndar síðan frestað á meðan kærumáli varðandi gamla íbúðarhúsið var enn ólokið hjá úrskurðarnefndinni.

Með úrskurðum úrskurðarnefndarinnar frá 2. desember 2016 var efnislegum ágreiningi um tjónsbætur vegna umræddra þriggja fasteigna stefnanda lokið.

Í úrskurðunum vísaði úrskurðarnefndin frá kröfum stefnanda um málskostnað vegna meðferðar stjórnslumálsins þar sem ekki stæði lagaheimild til þess að úrskurða um kærumálskostnað. Í úrskurði varðandi gamla íbúðarhúsið, sameinuðum kærumálum nr. 5 og 6/2015, átalði úrskurðarnefndin þó málsmeðferð stefnda og stjórnar hans vegna þess verklags sem viðhaft hefði verið og þess tíma sem farið hefði í meðferð málsins, og tók fram að verklagið samrýmdist ekki góðum stjórnsluháttum. Tók úrskurðarnefndin fram að hún teldi koma til álita að greiða stefnanda bætur vegna kostnaðar sem af því hefði leitt, en að dómstólar yrðu að leysa úr ágreiningi um slíka kröfu.

Uppgjör á tjónsbótum fór fram í samræmi við úrskurði úrskurðarnefndarinnar 21. desember 2016, en greiðslur inn á tryggingabætur höfðu áður verið inntar af hendi allt frá árinu 2009 vegna Lágafells, og frá sumrinu 2010 vegna hinna húsanna, samkvæmt yfirliti stefnda yfir greiðslur tryggingabóta.

Á fyrri hluta árs 2017 áttu sér stað bréfaskipti milli aðila vegna kröfu stefnanda um bætur vegna þess kostnaðar sem hann hefði haft af því að leita réttar síns til að fá sanngjarnar tjónsbætur frá stefnda, en hann krafðist bóta að sömu fjárhæð og stefnufjárhæð þessa máls. Í bréfaskiptunum óskaði stefndi eftir því að stefnandi sundurliðaði hvernig sú fjárhæð skiptist niður á mál varðandi hverja fasteign fyrir sig, en

stefnandi mun hafa svarað því til að kostnaði vegna þessara þriggja mála hefði ekki verið haldið aðgreindum. Hafnaði stefndi bótakröfunni alfarið með bréfi, dags. 14. ágúst 2017.

Í greinargerð stefnda er bent á að stefnandi hafi tæpu ári fyrir jarðskjálftann sótt um og fengið úreldingarbætur fyrir öll gróðurhús sín, sjö talsins, samkvæmt samningi við landbúnaðarráðherra, dags. 5. janúar 2007. Stefndi hafi ekki vitað um úreldingu þessara húsa þegar mat á tjónsbótum fyrir gróðurhúsin vegna jarðskjálftaskemmda fór fram. Stefnandi mótmælir því að þessi atvik hafi þýðingu í því máli sem hér er til úrlausnar.

Þá bendir stefndi á að stefnandi hafi krafist og fengið tjónsbætur vegna fleiri fasteigna en um ræðir í þessu máli á árabílinu 2009 til 2016. Enn fremur hafi hann á sama árabíli rekið mál á hendur Hveragerðisbæ vegna fasteigna sinna, sem lokið hafi með sýknudómi Hæstaréttar í máli nr. 549/2015.

Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnandi og Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri stefnda, aðilaskýrslu. Þá gaf Ríkharður Kristjánsson byggingaverkfræðingur skýrslu sem vitni. Að skýrslugjöf aðila og vitna verður vikið að því marki sem þörf krefur í niðurstöðukafla.

II

Helstu málsástæður stefnanda

Stefnandi kveðst byggja skaðabótakröfu sína jafnt á reglum um skaðabætur innan samninga sem utan samninga. Hann vísar til þeirra laga og reglugerðar sem um Náttúruhamfaratryggingu Íslands gilda, sem og laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og meginreglna váttryggingaréttar. Þá vísar hann til váttryggingarsamnings. Við munnlegan málflutning kom fram að stefnandi byggir á því að til grundvallar réttarsambandi aðila liggi váttryggingarsamningur, þótt enginn skriflegur samningur hafi verið lagður fram í málinu.

Þá byggir stefnandi á almennum reglum skaðabótaréttar, þ.e. sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Byggir stefnandi á því að háttsemi stefnda hafi leitt til þess að hann varð fyrir tjóni sem felist í kostnaði af því að láta meta tjón vegna jarðskjálftans á fasteignum sínum og sækja „réttar bætur“ úr hendi stefnda sem hafi „synjað að ófyrirsynju“ kröfum hans um tjónsbótagreiðslur. Öllum skilyrðum sakarreglunnar, þ.m.t um saknæmi, ólögmati, orsakatengsl og sennilega afleiðingu, sé fullnægt og málsmeðferð stefnda hafi brotið í bága við góða stjórnarsýsluhætti.

Stefnandi byggir nánar á því að athafnir, eða eftir atvikum athafnaleysi, stefnda, starfsmanna hans eða stjórnar, hafi falið í sér brot á ýmsum málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttar, eins og hér verður rakið.

Gagnaöflun stefnda hafi verið ófullnægjandi, sem falið hafi í sér brot á rannsóknarreglu stjórnarsýsluréttar, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í þessu efni vísar stefnandi einnig til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 55/1992, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 83/1993. „Þvert á allar reglur“ hafi stefndi ítrekað leitað til „trúnaðarmanna sinna“ um mat og synjað öðrum matsleiðum. Það hafi hvorki samrýmst skyldum hans í váttryggingarsambandinu né skyldum sem á honum hvíldu sem stjórnvaldi. Skortur á því að stefndi sinnti samnings- og lögbundnu hlutverki sínu hafi leitt til þess að stefnandi hafi sjálfur neyðst til þess að afla dómkvadds mats. Þá hafi stefndi vanrækt að geta þess að annar hinna dómkvöddu undirmatsmanna, Tryggvi Jakobsson, gæti ekki talist óvilhallur vegna fyrri starfa fyrir stefnda. Sú vanræksla samrýmist ekki leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu stefnda samkvæmt 7. og 15. gr. stjórnarsýslulaga og sé í ríkri andstöðu við góða stjórnarsýsluhætti. Af þessum sökum hafi stefnanda verið nauðsynlegt að afla yfirmatsgerðar, sem leitt hafi í ljós að tjón hafi verið vanmetið í undirmatsgerð. Stjórn stefnda hafi fyrst aflað dómkvadds mats eftir að úrskurðarnefnd hafði fellt úr gildi úrskurði hennar og mælt fyrir um öflun dómkvadds mats. Vanræksla stefnda og stjórnar hans á að sinna samnings- og lögbundnu hlutverki sínu geti ekki leitt til annars en að stefnda beri að greiða mats- og lögmannskostnað sem hlotist hafi af því að bæta úr málsmeðferð hans.

Stefnandi bendir á að réttarbrot stefnda hafi varðað mikla hagsmuni hans, en matsskýrslur og framboðnar tjónsbætur á fyrri stigum hafi verið víðs fjarri því sem rétt var. Í því efni bendir stefnandi á að upphaflegt mat á tjóni á gamla íbúðarhúsinu hafi numið 794.200 krónum, en dómkvatt mat sem stefndi hafi verið þvingaður til að afla hafi leitt í ljós að tjónið nam 12.252.787 krónum.

Málsmeðferð hafi dregist úr hömlu og dráttur orðið á uppgjöri váttryggingabóta. Feli það í sér brot gegn málshraðareglu 9. gr. stjórnarsýslulaga, sbr. 12., 17. og 19. gr. laga nr. 55/1992. Varðandi gamla íbúðarhúsið hafi fullnægjandi mats ekki verið aflað fyrr en sex og hálf ár var liðið frá tjónstilkynningu stefnanda. Endanlegt uppgjör hafi tafist þar til átta og hálf ár var liðið frá sama tímamarki. Hafi þurft annan úrskurð úrskurðarnefndar til að rétta hlut stefnanda.

Fyrsta bótagreiðsla vegna gamla íbúðarhússins hafi borist tæpum þremur árum eftir að tjón varð, 3.000.000 króna þann 25. mars 2011. Næsta bótagreiðsla (4.321.503 krónur) hafi ekki borist fyrr en 19. nóvember 2013 inn á geymslureikning. Sá dráttur sé óréttlæt看legur. Í kjölfar dómkvadds mats hafi verið greiddar 2.000.000 króna í ágúst 2015 en eftirstöðvarnar ekki fyrr en síðari úrskurður úrskurðarnefndarinnar gekk þann 2. desember 2016.

Þá byggir stefnandi á því að ranglega hafi verið staðið að ákvörðun bóta til hans. Verulegar fjárhæðir hafi verið ranglega dregnar frá bótafjárhæðum og viðhlítandi grein ekki gerð fyrir uppgjöri. Stefnandi hafi hlotið óhagræði af og þurft lögmannsaðstoð til þess að hindra að réttur hans yrði fyrir borð borinn. Bendir stefnandi á að með úrskurði fjármála- og efnahagsráðuneytis þann 20. apríl 2016, í kjölfar stjórnslukæru hans, hafi verið bent á að sundurliðun stefnda á tjónsbótum væri ábótavant. Úrskurðarnefnd, skv. 19. gr. laga nr. 55/1992, hafi í úrskurðum sínum vegna allra þriggja húsanna staðfest annmarka á framkvæmd stefnda, þ.e. að útskýringar eða forsendur stjórnar stefnda á fyrri stigum varðandi vexti og frádrátt stæðust ekki. Stefnda eða stjórn hans hafi ekki getað dulist þeir agnúar sem fyrir hendi voru og hafi háttsemi þeirra því verið saknæm. Gera verði þá kröfu til stefnda sem sérfróðs aðila á sviði váttrygginga, og að auki stjórnvalds, að hann kunni skil á og standi með fullnægjandi hætti að bótauppgjöri án þess að íhlutun ráðuneytis eða úrskurð æðra stjórnvalds þurfi til.

Skort hafi á að leiðbeiningarskyldu stefnda hafi verið gætt, sbr. 7. gr. stjórnslulaga. Í stefnu vísar stefnandi í því efni einkum til atvika í tengslum við öflun matsgerða sinna vegna gamla íbúðarhússins. Stefnda og stjórn hans hafi verið ljóst að matsbeiðnir stefnanda, sem sé ólöglerður, myndu ekki leiða til mats sem óbreytt yrði lagt til grundvallar bótauppgjöri. Byggir stefnandi á því að stefnda hafi borið að bjóðast til þess að afla mats eða upplýsa stefnanda um hvernig haga mætti matsspurningum svo að matsgerð nýttist sem best. Stefndi hafi látið það hjá líða og ekki óskað eftir að leggja aðrar spurningar fyrir matsmenn, þrátt fyrir að láta matsmálin til sín taka með andmælum.

Þá hafi stefndi ekki gætt samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti við málsmeðferðina og brotið gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnslulaga, sbr. einnig 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Aðrar byggingar sem orðið hafi fyrir sambærilegum eða minni skemmdum en fasteignir stefnanda í jarðskjálftanum 2008 hafi t.d. verið bættar sem altjón, líkt og stefnandi hafi farið fram á vegna eigna sinna. Mestu varði þó að í öðrum málum hafi stefndi fallist á að greiða kostnað sem til hafi komið vegna sönnunar

á tjóni og við að hafa kröfur uppi. Stefnandi eigi erfitt um vik varðandi öflun sönnunargagna sem að þessu líta, en stefndi hafi slík gögn í sínum forum. Í stefnu skoraði stefnandi á stefnda að leggja fram gögn er varða bóta- og kostnaðaruppgjör út af dælustöð Hitaveitu Rangæinga, Kaldárholti.

Stefnandi kveður aðalkröfu sína styðjast við framlagða kostnaðarreikninga, auk þess sem gerð sé krafa um bætur vegna óþæginda, erindisreksturs og miska, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í stefnu er tjón stefnanda sundurliðað með svofelldum hætti:

1. Matskostnaður:
 - a. Undirmat kr. 976.540
 - b. Matsbeiðni, gr. héraðsdómi kr. 15.000
 - c. Yfirmatsbeiðni, gr. héraðsdómi kr. 15.000
 - d. Yfirmatsgerð kr. 2.030.904
2. Lögmannskostnaður skv. reikningum frá Pacta kr. 4.506.316
3. Lögmannskostnaður til Þórhalls H. Þorvaldssonar hrl. kr. 429.176
4. Annar kostnaður :
 - a. Kostnaður við að rífa utan af klæðningu við undirmat kr. 171.307
 - b. Kostnaðarreikningur frá ÞH v. yfirmats kr. 38.905
 - c. Aksturskostnaður 820 km x 117 kr. kr. 95.940
5. Bætur til stefnanda vegna ólög. málsmeðferðar og miska kr. 2.000.000

Alls: 10.279.088 krónur.

Hvað einstaka liði bótakröfunnar varðar bendir stefnandi á að matskostnaður, sbr. 1. lið, sé vegna gamla íbúðarhússins. Greiðsluskylda stefnda vegna matskostnaðar komi til „vegna samningsskyldu og lögbundinnar skyldu til öflunar matsgerðar til mats á tjóni, sbr. ákvæði laga nr. 55/1992 og reglugerðar nr. 83/1993 og vegna brota á málsmeðferðarreglum og rannsóknarskyldu“.

Kostnaður við „rif utan af klæðningu“, sbr. lið 4.a., standi í beinum tengslum við undirmatsgerð og hefði að öðrum kosti fallið til á síðari stigum þegar stefndi aflaði loks dómkvadds mats vegna gamla íbúðarhússins. Sama máli gegni um lið 4.b. sem sé tilkominn vegna yfirmatsvinnu.

Varðandi aksturskostnað kveðst stefnandi hafa ekið a.m.k. átta sinnum á Selfoss vegna fyrirtöku matsmála og sex sinnum til Reykjavíkur vegna fyrirtöku máls hjá úrskurðarnefnd og til fundar við lögmann stefnda. Aksturskostnaður sé varlega áætlaður í lið 4.c. og miðist við akstursgjald ríkisstarfsmanna, 117 krónur pr. km. Aksturinn skiptist þannig að 640 km séu vegna gamla íbúðarhússins en 90 km vegna hvors hinna húsanna fyrir sig.

Stefnandi kveðst ekki hafa átt annan kost en að leita lögmannsaðstoðar vegna málsins, en ágreiningurinn hafi þegar á leið orðið of umfangsmikill og lögfræðilega flókinn til þess að stefnandi gæti sjálfur gætt hagsmuna sinna. Ekki sé unnt að sundurgreina nákvæmlega lögmannskostnaðinn niður á hverja eign fyrir sig, en stefnandi kveðst áætla að 2/3 hluti þess kostnaðar varði gamla íbúðarhúsið og 1/6 varði hvort hinna húsanna.

Kröfu sína um bætur vegna „óþæginda, erindisreksturs og miska“, sem reist er á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, byggir stefnandi á því að með málsmeðferð stefnda hafi verið vegið að æru hans og persónu með ólögætum hætti. Gögn málsins beri með sér að hann hafi varið ómældum tíma í og haft ærna fyrirhöfn af því að fá réttning sinna mála hjá stefnda og stjórn hans. Dráttur á lúkningu málanna hafi valdið því að ráðstafanir hans á fasteignunum, meðal annars íbúðarhúsnæði hans, drógust úr hömlu. Þá hafi hann margsinnis þurft að taka frí frá vinnu, en hann hafi rekið mál sín að mestu sjálfur í upphafi og undir lokin, er hann gat ekki lengur staðið straum af kostnaði við hagsmunagæslu. Tjónið sé varlega áætlað 2.000.000 króna. Tekur stefnandi fram að 2/3 hlutar þeirrar fjárhæðar séu vegna máls út af gamla íbúðarhúsinu, en 1/6 hluti vegna mála út af hvorri hinna fasteignanna.

Dráttarvaxta, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sé krafist frá því mánuði eftir að kröfubréf ásamt ítarlegum rökstuðningi var sent stefnda 29. maí 2017.

Varakrafa um skaðabætur að álitum sé byggð á sömu málsástæðum og aðalkrafan og sé þá krafist dráttarvaxta frá sama tímamarki og í aðalkröfu.

III

Helstu málsástæður stefnda

Stefndi byggir á því að almennt athafni einstaklingar og lögaðilar sig gagnvart stjórnvöldum án aðstoðar sérfræðinga, enda hvíli sú skylda á stjórnvöldum að leiðbeina

borgurunum um þau mál sem snerta starfssvið þeirra, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ákveði aðili engu að síður að leita til sérfróðra aðila, t.d. lögfræðinga, til að aðstoða við hagsmunagæslu sína, þá beri hann sjálfur kostnað af slíkri réttargæslu. Ætluð ábyrgð stefnda á þeim kostnaði stefnanda sem myndar skaðabótakröfu hans styðjist hvorki við lög né samning aðila.

Til þess að skaðabótakrafa stefnanda geti náð fram að ganga þurfi skilyrði skaðabótaábyrgðar að vera uppfyllt, þ.e. skilyrði sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Hafnar stefndi því að stefnanda hafi lánast sönnun þess, enda séu engin skilyrði fyrir skaðabótaábyrgð stefnda uppfyllt.

Stefndi bendir á að í stefnu sé ekki tilgreint hvaða starfsmenn stefnda hafi átt í hlut hverju sinni. Kveðst hann til öryggis byggja á aðildarskortu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, þar sem honum sé ekki unnt að taka afstöðu til þess hvort vinnuveitendaábyrgð hans nái til allra þeirra tilvika sem stefnandi byggir kröfu sína á.

Stefndi hafnar því að við málsmeðferð hans hafi verið brotið í bága við þær málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem stefnandi vísar til, þannig að bótaskyldu varði, s.s. rannsóknarreglu, leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu og málshraðareglu. Rannsóknarregla 10. gr. stjórnarsýslulaga hafi verið virt við málsmeðferð stefnda, eins og fjölmargar matsgerðir sem stefndi hafi aflað sýni. Málshraðaregla 9. gr. hafi einnig verið virt, en í því sambandi bendir stefndi á að stóran hluta þess tímabils sem vísað er til í stefnu hafi málið verið á forræði æðra stjórnvalds, úrskurðarnefndar, skv. 19. gr. laga nr. 55/1992, en ekki stefnda. Stefndi beri ekki ábyrgð á málsmeðferð æðra stjórnvalds, þar á meðal drætti á málsmeðferð á meðan málið var á forræði úrskurðarnefndar. Þá bendir stefndi á að stefnandi hafi sjálfur ítrekað óskað eftir frestum á meðan á málsmeðferð úrskurðarnefndar stóð. Leiðbeiningarskyldan, sbr. 7. gr., hafi verið virt, en stefnandi hafi fengið leiðbeiningar um rétt til að kæra úrskurði stjórnar til úrskurðarnefndar hverju sinni, auk þess sem honum hafi verið bent á ágalla á matsbeiðnum sínum.

Hvað varðar málsástæðu stefnanda um brot á jafnræðisreglu verður af greinargerð stefnda ráðið að þeirri málsástæðu sé vísað á bug, en hún er sögð vanreifuð.

Stefndi bendir á að í uppgjörsmálum vegna greiðslu tjónsbóta hafi aðila greint á um hvort bæta ætti tjón á tveimur fasteignum stefnanda sem altjón, eins og stefnandi hafi haldið fram á grundvelli jafnræðisreglu, eða sem hlutatjón, eins og matmenn stefnda hafi talið rétta niðurstöðu. Úrskurðarnefnd hafi hafnað þeim málsstað stefnanda varðandi

báðar fasteignirnar, í samræmi við matsgerðir. Ágreiningur um fjárhæð tjónsbóta sé ekki óalgengur og teljist hvorki saknæmur né ólögmætur sem slíkur.

Þá vísar stefndi á bug þeim málsástæðum stefnanda að bótagreiðslum hafi verið hafnað að ófyrirsynju eða dregnar á langinn og að ranglega hafi verið staðið að uppgjöri tjónsbóta. Hafnar stefndi því að hnökra við uppgjör, sem bent sé á í stefnu, hafi falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi af hans hálfu.

Þá byggir stefndi á því að hugsanleg skaðabótakrafa stefnanda sé í öllu falli fyrnd, sbr. 1. mgr. 9. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007, en skaðabótakröfur fyrnist á fjórum árum.

Hvað einstaka liði bótakröfunnar varðar bendir stefndi á eftirfarandi:

Varðandi kostnað við öflun matsgerða dómkvaddra matsmanna og annan kostnað því tengdan þá sé allur sá kostnaður stefnanda til kominn að frumkvæði hans sjálfs. Fyrir liggi að þær matsgerðir sem stefnandi aflaði nýttust ekki við úrlausn stefnda um kröfugerð stefnanda um tjónsbætur. Ein af lykilástæðum þess sé sú að stefnandi hafi virt að vettugi ábendingar stefnda um ágalla á matsspurningum í matsbeiðnum hans.

Hvað lögmanskostnað varðar, byggir stefndi á því að hann sé allt of hár og að stefnandi hafi ekki gert næga grein fyrir því að allur sá kostnaður hafi verið nauðsynlegur. Að auki hafi lögmansþjónustan að einhverju leyti verið veitt vegna ákvörðunar stefnanda um að afla að eigin frumkvæði matsgerða dómkvaddra matsmanna sem, eins og fyrr sagði, hafi aldrei getað nýst til að leysa úr ágreiningi um uppgjör tjónsbóta vegna ágalla á matsspurningum.

Stefnandi hafi ekki gert nægjanlega grein fyrir þeirri vinnu sem búi að baki reikningum lögmanna. Bendir stefndi á það í greinargerð sinni að stefnanda ætti að vera í lófa lagið að leggja fram vinnuskýrslur fyrri lögmans hans (Pacta). Það sé nauðsynlegt þar sem uppgjörsmál tjónsbóta hafi varðað fjölmargar aðrar fasteignir stefnanda en til umfjöllunar séu í þessu máli.

Hvað lögmanskostnað síðari lögmans stefnanda (Veritas) varðar bendir stefndi á að tímaskýrsla þess lögmans sé merkt „Almennt yfirlit (sundurliðun) vinnu fyrir stefnanda við Hæstaréttarmálið nr. 549/2015“. Endurrit þess dóms Hæstaréttar sé meðal málsskjala, en það mál varði ágreiningsmál stefnanda við Hveragerðisbæ en ekki ágreiningsefni þessa máls. Sé þessum lið bótakröfunnar andmælt sem óviðkomandi þessu máli.

Hvað aksturskostnað varðar gefi stefnandi ekki aðra skýringu en að hann hafi talið sig knúinn til aksturs a.m.k. átta sinnum á Selfoss vegna fyrirtöku matsmála og sex

sinum til Reykjavíkur vegna fyrirtöku hjá úrskurðarnefnd og til fundar með lögmanni stefnda. Hann álití „varlega áætlað“ að hann hafi ekið 820 km, þar af 640 km vegna gamla íbúðarhússins, og 90 km vegna hvors hinna húsanna, og styðji kröfu sína við akstursgjald ríkisstarfsmanna, 117 kr. pr. km. Byggir stefndi á því að aksturskostnaður vegna gamla íbúðarhússins sé a.m.k. að verulegu leyti vegna matsmálanna fyrir Héraðsdómi Suðurlands og eigi því fyrrgreind andmæli hans við um þá kröfu. Þá liggi ekki fyrir nein gögn um að stefndi hafi óskað eftir því að stefnandi stofnaði til þessa kostnaðar. Kröfugerð þessi sé mjög óljós svo vægt sé til orða tekið.

Hvað miskabótakröfu stefnanda varðar hafnar stefndi því að starfsmenn hans hafi vegið að æru eða persónu stefnanda þannig að skilyrði 26. gr. skaðabótalaga geti talist uppfyllt. Sú staðreynd að stefnandi rökstyðji þá kröfugerð með því að hann hafi þurft að verja miklum tíma í kröfugerð sína um tjónsbætur staðfesti hve fráleit krafa hans um miskabætur sé.

IV

Niðurstæða

Til úrlausnar í máli þessu er krafa stefnanda um skaðabætur úr hendi stefnda vegna kostnaðar sem hann kveðst hafa neyðst til að stofna til vegna málsmeðferðar stefnda á kröfu hans um tjónsbætur. Samkvæmt sundurliðun í stefnu má gróflega skipta ætluðu tjóni í þrennt, þ.e. kostnað af lögmannsþjónustu, kostnað af öflun matsgerða og tengdan kostnað (af störfum iðnaðarmanna í tengslum við matsstörfin), og loks kostnað af akstri eigin bifreiðar.

Ekki er teljandi ágreiningur um málsatvik sem þörf er á að fjalla um hér í upphafi, en að sönnun fyrir einstökum atriðum verður eftir atvikum vikið í tengslum við umfjöllun um einstakar málsástæður stefnanda.

Þótt í stefnu sé öðrum þræði vísað til ákvæða laga nr. 55/1992, laga nr. 30/2004, meginreglna váttryggingaréttar og til váttryggingarsamnings, sem ekki liggur þó fyrir í skriflegu formi í málinu, er ljóst að krafa stefnanda um skaðabætur er reist á því að skilyrði almennra skaðabótareglna, þ.e. sakarreglunnar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitenda, séu uppfyllt.

Líkt og tekið hefur verið fram í dómum Hæstaréttar, t.d. í málum nr. 70/2008, nr. 444/2008 og nr. 585/2015, gildir sú meginregla í íslenskum rétti að borgararnir verða almennt sjálfir að bera þann kostnað sem þeir hafa af erindum sínum til stjórnvalda og

málarekstri fyrir þeim. Kjósi borgararnir að nota aðstoð sérfræðinga við slík erindi og hafa af því kostnað geta þeir ekki krafist þess að sá kostnaður verði þeim bættur, hvort sem erindið skilar þeim árangri eða ekki. Þarf sérstaka lagaheimild til þess að unnt sé að krefjast endurgreiðslu slíks kostnaðar. Rökin að baki þessari meginreglu eru þau að á stjórnvöldum hvíla ýmsar frumkvæðisskyldur, svo sem til þess að rannsaka mál með viðhlítandi hætti og leiðbeina aðilum máls eftir þörfum.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu finnast þess dæmi í dómum Hæstaréttar að fallist hafi verið á kröfur um skaðabætur á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar vegna tjóns sem talið er felast í kostnaði af aðstoð sérfræðinga, s.s. lögmanna, við málarekstur fyrir stjórnvöldum. Dæmi um slíkt er að finna í fyrrnefndum dómum réttarins í málum nr. 70/2008 og nr. 444/2008, en dæmi um sýknu af slíkri kröfu er að finna í áðurnefndum dómi í máli nr. 585/2015 og í máli nr. 684/2016. Skilyrði þess að bætur fyrir slíkt tjón verði greiddar eru að sýnt sé fram á að öll skilyrði skaðabótaréttar samkvæmt almennu sakarreglunni séu uppfyllt, þar á meðal þau meginskilyrði að háttsemi, eða í undantekningartilvikum athafnaleyfi, starfsmanna viðkomandi stjórnvalds teljist bæði ólöglegt og saknæm, orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og tjóns sem krafist er að verði bætt og að tjónið sé sennileg afleiðing af háttseminni. Hvílir það á tjónþola að færa sönnur á, eða leiða nægar líkur að því, að öll skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má draga þá ályktun að annmarkar á málsmeðferð stjórnvalda þurfi að vera töluverðir til þess að skilyrði sakarreglunnar geti talist uppfyllt.

Vegna málsástæðu um aðildarskort sem stefndi hafði uppi „til öryggis“ skal tekið fram að stefnandi byggir ekki á því að vinnuveitendaábyrgð stefnda nái til annarra en starfsmanna eða stjórnar hans. Er þeirri málsástæðu því hafnað.

Verður nú vikið að málsástæðum stefnanda og fyrst fjallað um þær út frá skilyrðum sakarreglunnar um ólögmati og saknæmi.

- - -

Rannsóknarskylda:

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að stefndi hafi ekki rannsakað málin með viðhlítandi hætti, þar sem hann hafi ítrekað kvatt til „trúnaðarmenn“ sína, í stað þess að dómkveðja matsmenn, og „synjað öðrum matsleiðum“, þrátt fyrir að honum hafi verið ljósir annmarkar á matsgerðum tilkvaddra matsmanna sem síðar hafi verið staðfestir í

úrskurði úrskurðarnefndar í kærumáli nr. 1/2012, frá 24. október 2014, varðandi gamla íbúðarhúsið. Í þeim úrskurði kemur fram að ástæða þess að úrskurðarnefndin taldi ekki byggjandi á þeim matsgerðum sem stefndi hafði aflað sé sú að í ljós hafi komið að burðarvirki hússins var að mestu annað en haldið var og úr óvenjulegu byggingarefni, þ.e. vikursteypu, en þetta upplýstist fyrst með þeim matsgerðum dómkvaddra matsmanna sem stefnandi aflaði. Er því alls ósannað að stefnda hafi áður en þetta upplýstist mátt vera ljósir annmarkar á matsgerðum þeirra matsmanna sem hann kvaddi til og lágu fyrir.

Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 55/1992 er mælt fyrir um skyldu stefnda til þess að gera ráðstafanir, svo fljótt sem unnt er, til að fá úr því skorið hvort bæta skuli tjón og eftir atvikum láta meta það, en nánari ákvæði um þetta var á þeim tíma sem atvik máls gerðust að finna í 11. gr. reglugerðar nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands. Ákvæði 1. og 2. mgr. greinarinnar voru svohljóðandi, en efnislega samsvarandi ákvæði er enn að finna í 9. gr. núgildandi reglugerðar nr. 700/2019: „Þegar váttryggingaratburður hefur orðið, skal stofnunin gera ráðstafanir til að skoða og meta tjón og til þess skal hún kveðja hæfan og óvilhallan matsmann eða -menn. Stjórn Viðlagatryggingar getur eftir atvikum óskað þess, að tjón skuli metið af dómkvöddum matsmanni eða - mönnum. Um kostnað af mati dómkvaddra manna fer eftir almennum réttarreglum.“

Samkvæmt framangreindu reglugerðarákvæði hafði stefndi val um það hvort hann kveddi sjálfur til hæfa og óvilhalla matsmenn eða færi þá leið að beiðast dómkvaðningar matsmanna fyrir héraðsdómi. Þótt finna megi að því hve ítrekað stefndi kvaddi til matsmenn í stað þess að grípa til þess ráðs að beiðast dómkvaðningar matsmanna, þá verður ekki litið hjá því að stefndi braut engar lagaskyldur með því að velja þann kost. Þá verður hvorki af gögnum máls né aðilaskýrslu stefnanda ráðið að nokkuð hafi komið fram á þessum tíma sem gaf stefnda sérstakt tilefni til þess að beita þeirri aðferð að láta dómkveðja matsmenn. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi kvaðst stefnandi t.d. aldrei hafa beint því til stefnda að leggja fram beiðni fyrir héraðsdómi um dómkvaðningu matsmanna. Þá kvaðst hann lítil sem engin samskipti hafa átt við starfsmenn eða stjórnarmenn stefnda á þessu tímabili, heldur aðeins þá matsmenn sem stefndi kvaddi til. Verður að leggja þann framburð hans til grundvallar, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991.

Ekki er annað sannað í málinu en að stefndi hafi ávallt leitast við að kveðja til hæfa og óvilhalla sérfræðinga til að starfa sem tilkvaddir matsmanna. Haggar því í engu þótt vera kunni að stefndi hafi á umræddum tíma gert samninga við verkfræðistofur um

einingaverð, eins og framkvæmdastjóri stefnda bar að hefði tíðkast. Þá verður ekki annað séð en að stefndi hafi leitast við að rannsaka tjón stefnanda eins vandlega og tilefni var til á hverjum tíma.

Samkvæmt öllu framanrituðu verður að hafna öllum málsástæðum stefnanda sem lúta að því að stefndi hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga eða öðrum þeim réttarreglum sem hann vísar til í þessu sambandi.

Leiðbeiningarskylda:

Ljóst er af gögnum málsins að athygli stefnanda var vakin á því við rekstur matsmálsins M-4/2010 að stefndi teldi matsspurningar hans ekki gagnast til að leysa úr ágreiningi um tjónsbætur vegna gamla íbúðarhússins. Sést það m.a. af greinargerð sem stefndi lagði fram í því máli er hann krafðist þess að matsbeiðni yrði hafnað. Á hinu sama var vakin athygli er beiðni stefnanda um yfirmat var lögð fram í máli M-2/2012, en þá naut stefnandi aðstoðar lögmanns sem hann hafði ekki gert í fyrra málinu. Hve langt leiðbeiningarskylda stjórnvalds nær fer eftir atvikum, en almennt léttir það skylduna ef aðili nýtur lögmannsaðstoðar. Ekki verður á það fallist að leiðbeiningarskylda stefnda hafi náð svo langt að honum væri skylt að leiðbeina stefnanda um það hvernig rétt væri að haga matsspurningum í dómsmáli eða bjóðast til þess að afla matsgerðar, í stað þess að stefnandi gerði það, en á þessu tímamarki lágu fyrir þrjár matsgerðir tilkvaddra matsmanna varðandi gamla íbúðarhúsið og upplýsingar um óvenjulegt byggingarefni hússins voru ekki komnar fram, sbr. fyrri umfjöllun.

Þá verður ekki á það fallist að stefndi hafi vanrækt leiðbeiningarskyldu sína með því að vekja ekki athygli á því við stefnanda að annar þeirra undirmatsmanna sem var dómkvaddur hefði einhvern tímann áður unnið sem tilkvaddur matsmaður á vegum stefnda. Stefnandi hefur ekki leitt að því nægum líkum að þetta eitt hafi verið til þess fallið að valda vanhæfi matsmannsins, auk þess sem ekki þykir sýnt að leiðbeiningarskylda stefnda hafi náð svo langt.

Samkvæmt framanrituðu er málsástæðu stefnanda um brot stefnda gegn leiðbeiningarskyldu, sbr. 7. gr. stjórnslulaga, því hafnað. Ekki verður séð að ákvæði 15. gr. sömu laga eigi við.

Málshraði og dráttur á uppgjöri:

Stefnandi byggir á því að málsmeðferð stefnda hafi brotið gegn málshraðareglu stjórnsluréttar, sbr. 9. gr. stjórnslulaga, auk þess sem hann vísar til ákvæða laga nr. 55/1992. Samkvæmt tilvitnaðri grein stjórnslulaga skulu ákvarðanir í málum teknar

svo fljótt sem unnt er. Hvað felst í því fer eftir eðli mála, umfangi og fleiri þáttum hverju sinni. Ekki er í lögum nr. 55/1992 mælt fyrir um hámarks málsmeðferðartíma eða sérstaka fresti til greiðslu bóta, þótt mælt sé fyrir um að greiða beri bætur svo fljótt sem unnt er.

Ljóst er að dágóðan hluta þess tíma sem stjórnarsýslumál vegna uppgjörs tjónsbóta til handa stefnanda voru enn óútkljáð voru þau til meðferðar fyrir úrskurðarnefnd skv. lögum nr. 55/1992, og dróst málsmeðferð úrskurðarnefndar m.a. á langinn vegna ítrekaðra frestbeiðna stefnanda. Á málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar og frestbeiðnum stefnanda getur stefndi ekki borið ábyrgð. Af málgögnum er ljóst að stefndi hófst þegar handa sumarið 2008 við að láta meta tjón á fasteignum stefnanda, sem voru umtalsvert fleiri en þær þrjár fasteignir sem mál þetta varðar, auk þess sem ætla má að fjöldi annarra fasteigna hafi skemmst í umræddum jarðskjálfta. Verður til þess að líta við mat á því hvað telst ásættanlegur málshraði hjá stefnda. Þá er ljóst að ein meginástæða þess að mál stefnanda drógust á langinn hjá stefnda í öndverðu var sú að stefnandi sætti sig ekki við niðurstöður tilkvaddra matsmanna og krafðist þess að fá tjón á tveimur fasteignanna bætt sem altjón. Fyrir liggur að ágreiningi vegna tjónsbóta lauk efnislega, án þess að stefndi eða úrskurðarnefndin tækju undir þá kröfu hans. Þótt málsmeðferðartíminn hafi verið orðið nokkuð langur er stjórn stefnda kvað fyrst upp úrskurði um tjónsbætur til stefnanda, 10. janúar 2012 um gamla íbúðarhúsið og 26. apríl 2013 um hin húsin tvö, þá er augljóst að það helgaðist að verulegu leyti af því í hve miklum mæli stefndi leitaðist við að rannsaka málin betur m.t.t. athugasemda stefnanda, gagna sem hann lagði fyrir stefnda og matsbeiðni sem hann lagði fram um mitt sumar 2010. Stefnandi hefur ekki fært fyrir því viðhlítandi rök að óviðunandi dráttur hafi orðið á málsmeðferð stefnda eftir að úrskurðarnefnd felldi úrskurð stjórnar stefnda varðandi gamla íbúðarhúsið úr gildi þann 24. október 2014 og lagði fyrir stefnda að afla mats dómkvaddra matsmanna í því máli.

Samkvæmt öllu framanrituðu verður ekki á það fallist að um slíkt frávik sé að ræða frá því sem telja má eðlilegan málshraða í málum af þessu tagi að í því felist brot gegn málshraðareglu stjórnarsýslulaga eða þeim ákvæðum laga nr. 55/1992 sem stefnandi vísar til.

Varðandi málsástæðu stefnanda um drátt á greiðslu tjónsbóta, þá er til þess að líta að samkvæmt yfirliti stefnda, sem stefnandi hefur ekki dregið í efa, greiddi stefndi inn á tjónsbætur til hans með nokkrum fjölda innborgana, allt frá 15. maí 2009. Verður ekki annað séð en að stefndi hafi leitast við að bjóða greiðslu tjónsbóta jafnóðum, eftir því

sem fyrir lágu mót sem stefndi taldi fullnægjandi, og þannig virt skyldur sínar skv. lögum nr. 55/1992.

Jafnræðisreglur:

Hvað jafnræðisreglur snertir byggir stefnandi annars vegar á því að þær hafi verið brotnar með synjun stefnda um að greiða honum bætur, þótt bætur hafi verið greiddar í sambærilegu tilviki. Vísar stefnandi til áskorunar sinnar í stefnu um að stefndi legði fram í málinu gögn er varða „bóta- og kostnaðaruppgjör út af dælustöð Hitaveitu Rangæinga, Kaldárholti“. Stefndi hefur hvorki látið bóka mótmæli við þeirri áskorun né orðið við henni, en vísar þessari málsástæðu stefnanda á bug.

Það hvílir á stefnanda að sanna að stefndi hafi brotið gegn jafnræðisreglum af þeim ástæðum sem hann byggir á. Þótt stefndi hafi að vísu hvorki orðið við áskoruninni né mótmælt henni sérstaklega þá nægir það ekki að álit dómsins til þess að sönnunarbyrði verði lögð á hann um að staðhæfing stefnanda sé röng, enda hefur stefnandi ekki sýnt fram á að skilyrði 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 séu uppfyllt. Ber stefnandi hallann af því að ósannað er að kringumstæður hafi verið sambærilegar í umræddu tilviki. Felur tölvubréf fyrrum lögmanns stefnanda frá 5. janúar 2017, þar sem minnst er á umrætt mál, ekki í sér sönnun á staðhæfingu stefnanda.

Stefnandi byggir einnig á því að stefndi hafi brotið gegn jafnræðisreglum með því að bæta ekki tjón á tveimur fasteigna hans sem altjón. Úrskurðarnefnd, skv. 19. gr. laga nr. 55/1992, hafnaði því með þeim rökum að matsmenn teldu unnt að gera við fasteignirnar fyrir fjárhæðir sem væru undir váttryggingafjárhæð þeirra, en þau tilvik sem stefnandi hefði bent á til samanburðar teldust ekki sambærileg. Stefndi hefur ekki hnekkst röksemdum úrskurðarnefndar og metur dómurinn þær góðar og gildar.

Samkvæmt framanrituðu er ósannað að brotið hafi verið gegn jafnræðisreglum við málsmeðferð stefnda eða með því að synja kröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta.

Mistök við uppgjör bóta

Óumdeilt er, og staðfest í úrskurðum úrskurðarnefndar, að stefndi stóð ekki fyllilega rétt að uppgjóri tjónsbóta, en stefndi mótmælir því að þau mistök leiði til bótaskyldu. Voru uppgjörin leiðrétt með úrskurðum úrskurðarnefndar 2. desember 2016. Þótt mistökin hafi sumpart verið meinleg verður vart séð að þeir hnökRAR sem voru á uppgjörum feli í sér sagnæma háttsemi starfsmanna stefnda og má ætla að þeir hefðu í öllu falli verið leiðréttir við meðferð úrskurðarnefndar, óháð því hvort stefnandi naut lögmannsaðstoðar eða ekki.

Samkvæmt öllu framanrituðu verður stefnandi að bera hallann af því að ekki þykir sýnt að málsmeðferð stefnda hafi verið ólögmat í einhverjum atriðum, þótt hún hafi ekki verið annmarkalaus og í fyllsta samræmi við vandaða stjórnsluhætti.

Þá verður, með vísan til framanritaðs, heldur ekki séð að skilyrði sakarreglunnar um saknæmi starfsmanna eða stjórnar stefnda sé fullnægt í neinum þeim atriðum sem stefnandi byggir á. Eins og fyrr sagði verður af dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands ráðið að töluvert þurfi til að koma til þess að sýnt sé fram á saknæma háttsemi starfsmanna stjórnslunnar við rækslu starfa sinna og að það eitt að ákvörðun eða málsmeðferð reynist hafa verið ólögmat í einhverjum atriðum leiði ekki sjálfkrafa í til þess að saknæmisskilyrði teljist fullnægt.

Framangreindar ástæður leiða þá þegar til þess að sýkna verður stefnda af skaðabótakröfu stefnanda. Er þá ekki þörf á að fjalla um málsástæður stefnda varðandi fyrningu. Rétt þykir hins vegar að fara nokkrum orðum um einstaka liði bótakröfu stefnanda og sönnun um orsakatengsl og sennilega afleiðingu, sem einnig fela í sér rökstuðning fyrir framangreindri niðurstöðu um sýknu.

Matskostnaður (liðir 1 og 4. a og b.)

Sú skylda hvílir á tjónþola samkvæmt almennum reglum að takmarka tjón sitt og stofna ekki til kostnaðar að nauðsynjalausu og krefjast síðan bóta vegna þess kostnaðar. Samkvæmt því sem rakið er að framan, sérstaklega í umfjöllun um rannsóknarskyldu og leiðbeiningarskyldu stefnda, er ósannað að stefnanda hafi verið nauðsynlegt að leggja fram beiðni um undirmat sumarið 2010. Þá var honum leiðbeint um að sú matsgerð myndi ekki nýtast sökum þess hvernig matsspurningar voru úr garði gerðar, en engu að síður hélt hann beiðni sinni til streitu. Eins og tekið er fram í úrskurði sem kveðinn var upp í matsmáli M-4/2010 þá ber matsbeiðandi sjálfur áhættu af notagildi matsgerðar og kostnað af öflun hennar.

Eftir að undirmatsgerð sú sem stefnandi aflaði lá fyrir í janúar 2011 bauð stefndi honum bætur sem nálguðust mjög niðurstöðu matsgerðarinnar. Þrátt fyrir það sá stefnandi sig knúinn til að afla yfirmatsgerðar. Hvað öflun yfirmatsgerðar varðar bar stefnandi fyrir dómi að „aðalástæða“ þess að hann taldi þörf á öflun yfirmats hafi verið framburður annars matsmannsins fyrir héraðsdómi sem stefnandi taldi rýra eða ónýta matsgerðina, þótt efasemdir stefnanda um hæfi annars undirmatsmannsins hafi einnig

spilað inn í þá ákvörðun. Verður sá framburður hans lagður til grundvallar, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991. Athygli stefnanda var, eins og fyrr, vakin á því að yfirmatsbeiðni myndi ekki, fremur en undirmatsbeiðni hans, þjóna tilgangi, en engu að síður hélt hann henni til streitu. Naut hann aðstoðar lögmanns við framsetningu þeirrar beiðni og rekstur þess matsmáls.

Samkvæmt framanrituðu skortir verulega á sönnun þess að skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu teljist uppfyllt varðandi matskostnað stefnanda skv. 1. lið bótakröfunnar. Hið sama á við um liði 4. a og b. í bótakröfu hans, enda varða þeir kostnað af störfum iðnaðarmanna sem stefnandi viðurkennir að hafi fallið til vegna starfa dómkvaddra matsmanna. Verður ekki fallist á þær röksemdir stefnanda að sami eða meiri kostnaður hefði ella fallið til á síðari stigum er matsmenn voru dómkvaddir að beiðni stefnda. Þá eru þessir liðir bótakröfunnar hvorki studdir reikningum né öðrum sönnunargögnum, en fram kom í aðilaskýrslu að reikningar vegna þessara liða hefðu ekki fundist.

Lögmannskostnaður (liðir 2 og 3)

Í stefnu, kafla 4.8.1.2, vísar stefnandi til þess að deila hans við stefnda og stjórn hans hafi staðið „í á níunda ár“ og að „þegar á leið varð ágreiningur of umfangsmikill og lögfræðilega flókinn til þess að stefnandi gæti gætt hagsmuna sinna“. Eins og bent var á í úrskurði um frávísunarkröfu er stefnan ekki svo skýr sem skyldi um það á hvaða tímamarki það hafi orðið óhjákvæmilegt fyrir stefnanda að leita aðstoðar lögmanns og af hvaða sökum. Af gögnum málsins verður séð að lögmaður kom fyrst að málinu fyrir hönd stefnanda 24. febrúar 2011 er þáverandi lögmaður hans ritaði stefnda bréf og krafðist þess að gamla íbúðarhúsið yrði bætt sem altjón. Kemur það nokkurn veginn heim og saman við það að fyrsti af þrettán reikningum Pacta lögmannna, sem liður 2 í bótakröfunni byggir á, er dagsettur 31. mars 2011. Aðspurður fyrir dómi hvað hefði gert það að verkum að hann hafi talið nauðsynlegt að leita lögmannsaðstoðar á þessu tímamarki sagði stefnandi að hann hefði ætlað lögmanninum að höfða innheimtumál á hendur stefnda, en í ljós hefði komið að málið þyrfti fyrst að fara alla leið innan stjórnarsýslunnar, þ.e. til úrskurðarnefndar. Verður sá framburður lagður til grundvallar, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991. Hafa því ekki verið færð fram viðhlítandi rök fyrir því að lögmannsaðstoð hafi verið stefnanda nauðsynleg á þessu tímamarki vegna reksturs umræddra stjórnarsýslumála hjá stefnda. Þá skortir verulega á reifun í stefnu um síðari

atvik eða tímamörk sem til greina gætu komið. Þótt faglegt mat á tjóni á fasteignum kunni að vera flókið verður ekki séð að stjórnarsýslumálin hafi á nokkru tímamarki orðið svo lögfræðilega flókin að stefnanda hafi verið nauðsynlegt að leita lögmanns. Stefnanda stóð ávallt til boða að krefjast ákvörðunar eða úrskurðar stjórnar stefnda um tjónsbætur og bera þá ákvörðun undir úrskurðarnefnd. Byggir hann ekki á því að honum hafi ekki verið um það kunnugt eða að skort hafi á leiðbeiningar stefnda í þeim efnum. Almennt er ekki þörf á lögmannsaðstoð í kærumálum innan stjórnarsýslunnar, enda hvílir sama rannsóknar- og leiðbeiningarskylda á æðra settu stjórnvaldi og hinu lægra setta.

Í þessu samhengi skal tekið fram að ekki er hægt að fallast á þá röksemd stefnanda að hækkun tjónsfjárhæða milli matsgerða renni stoðum undir saknæmt og ólögmett athæfi eða athafnaleysi af hálfu stefnda, þannig að þörf stefnanda fyrir lögmannsaðstoð geti hafa helgast af því. Í þessu samhengi vísast til framburðar vitnisins Ríkharðs Kristjánssonar, sem dómurinn metur trúverðugan, en hann bar að skemmdir á fasteignum séu þess eðlis að þær geti aukist milli ára, auk þess sem frekari skemmdir geti komið í ljós síðar, án þess að það þýði að fyrri ástandsskoðun hafi verið áfátt. Þá er ljóst að matsgerðir dómkvaddra matsmanna miðuðust við verðlag þegar mat var framkvæmt, sem kann að einhverju leyti að skýra hækkunir milli þeirra matsgerða.

Loks er til þess að líta að stefnandi hefur ekki lagt fram tímayfirlit með reikningum Pacta lögmannna, þrátt fyrir athugasemd í greinargerð stefnda um það atriði.

Samkvæmt öllu framanrituðu skortir á sönnun þess að skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu teljist uppfyllt varðandi það tjón sem stefnandi kveður felast í lögmannskostnaði, sbr. 2. og 3. lið bótakröfunnar.

Aksturskostnaður (liður 4. c)

Samkvæmt stefnu fór akstur stefnanda á eigin bifreið fram í tengslum við fyrirtöku matsmála, fyrirtöku mála hjá úrskurðarnefnd og fundar með lögmanni stefnda, án nánari tilgreiningar á tilefni eða dagsetningum þeirra ferða. Í úrskurði sem kveðinn var upp um frávísunarkröfu stefnda var bent á að bótakrafan samkvæmt þessum lið væri ekki svo skýr sem skyldi, en frávísunarkröfu var hafnað þar sem gagnaöflun hafði ekki verið lýst lokið og ekki var talið útilokað að krafan kynni að skýrast betur á síðari stigum. Krafan er þó engu betur upplýst eftir að aðalmeðferð hefur farið fram, s.s. um hvaða ferðir var að ræða, hvenær þær voru farnar og af hvaða tilefni, þ.m.t. hvort nauðsyn var á viðveru stefnanda ef lögmaður hans var að sækja viðkomandi þinghöld, fyrirtökur eða

fundi. Þá er lítt sem ekkert útskýrt í stefnu hvaða saknæma og ólögmæta háttsemi stefnda hafi leitt til þess að akstur þessi varð nauðsynlegur. Þótt varakrafa sé höfð uppi um bætur að álitum, þá eru ekki skilyrði til þess að verða við slíkri kröfu á svo óljósum grundvelli. Er krafa stefnanda af þessum sökum í reynd svo vanreifuð að varða ætti frávísun, hefði ekki þegar verið komist að þeirri niðurstöðu að sýkna beri stefnda af öðrum orsökum, sbr. fyrri umfjöllun.

Krafa vegna „óþæginda, erindisreksturs og miska“ (liður 5)

Krafa stefnanda vegna „óþæginda, erindisreksturs og miska“ er studd þeim rökum að málsmeðferð stefnda hafi „með ólögmætum hætti vegið að æru og persónu stefnanda, sbr. 26. gr. skaðabótalaga“. Þótt krafan sé einnig að hluta studd rökum um vinnutap verður að teljast ljóst að um hreina miskabótakröfu er að ræða sem styðst við b-lið 1. mgr. tilvitnaðs lagaákvæðis. Í dómaframkvæmd hefur, með vísan til lögskýringargagna að baki ákvæðinu, verið miðað við það að lægsta stig gáleysis nægi ekki til þess að fullnægja kröfum ákvæðisins um ólögmæta meingerð. Þótt ekki sé að efa að það kunni að hafa tekið á stefnanda að standa í stjórnsýslumálum vegna uppgjörs tjónsbóta af völdum jarðskjálftans, þá er ósannað, með vísan til alls framanritaðs, að starfsmenn eða stjórn stefnda hafi með saknæmum hætti vegið þannig að æru eða persónu stefnanda við málsmeðferð umræddra stjórnsýslumála að miskabótum geti varðað.

- - -

Samkvæmt öllu framanrituðu og þar sem öllum málsástæðum stefnanda hefur verið hafnað verður stefndi sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, jafnt aðalkröfu sem varakröfu.

Eftir atvikum öllum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan, að gættum ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefndi, Náttúruhamfaratrygging Íslands, er sýkn af öllum dómkröfum stefnanda, Diðriks Jóhanns Sæmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Hildur Briem

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur, dags. 25. október 2019

Gjald 3.600 kr.